

Sorpa b.s.  
Gufunesvegi  
112 Reykjavík

Reykjavík, 10. janúar 2023  
UST202203-020/G.S.O.  
08.14.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 13. desember 2022 þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í gas- og jarðgerðarstöð Sorpu, Álfsnesi, þann 28. október 2022. Þann 9. janúar 2023 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### **Frávikin eru eftirfarandi:**

1. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Grænt bókhald fyrir Sorpu, sem sent var Umhverfisstofnun, fjallar ekki afmarkað um skráningar sem ná yfir starfsemi GAJA. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila mun grænt bókhald fyrir Sorpu framvegis fjalla afmarkað um skráningar sem ná yfir starfsemi GAJA. Frávikinu er því lokað.**
2. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Styrkur ammóníaks var flesta daga, frá því mælingar hófust, yfir leyfilegum mörkum. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verða gerðar frekari rannsóknir á mælingaraðferð ammoníaks til að sannreyna hana og greinargerð um úrbætur skilað fyrir 30. júní 2023.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir  
lögfræðingur